

Sp.

687. Nefndarálit

[57. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur á nokkrum funda sinna rætt tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila. Nefndin hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt tillögunnar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila. Í því sambandi ber sérstaklega að hafa í huga:

- a) hvernig efla megi Félagshéimilaskjód þannig að hann geti staðið að greiðslum til félagsheimilanna svo sem honum er ætlað að gera samkvæmt lögum,
- b) með hvaða hætti styrkja megi rekstrargrundvöll félagsheimilanna, m. a. með tilliti til skattlagningar hins opinbera, hitunarkostnaðar og fleiri atriða, sem rekstur félagsheimilanna varðar.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um að kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila.

Guðrún Helgadóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir,
form.
Steinþór Gestsson.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
fundaskr.
Páll Pétursson.

Halldór Blöndal,
frsm.
Guðm. G. Þórarinsson.